

**Kveðja skólameistara við útskrift
frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti 18. desember 2015**

Kæru útskriftarnemendur

Núna er tilefni til að fagna, því langþráðum áfanga er náð. Þið hafið fengið í hendur skírteini sem vottar að þið hafið lokið prófi úr framhaldsskóla. Skírteini sem veitir ykkur aðgang að frekara námi og jafnvel réttindi til að starfa á fagsviðum sem þarf sérþekkingu til að sinna.

Til hamingju!

Sum ykkar eruð enn á táningsaldri eða rétt um tvítugt, á flugi inn í háskólanám. Framtíðin er full af fyrirheitum eins og vera ber hjá ungu fólki. Önnur ykkar eru fullorðnir einstaklingar, löngu komnir með fjölskyldu og skyldur sem því fylgja. Algengt er að þið, hinir eldri útskriftarnemar séuð að ljúka prófi af verknámsbraut - oft í starfsgrein sem þið hafið lagt stund á um árábil, án löggiltra réttinda. Sá sem hefur öðlast réttindi sem smiður eða rafvirki þarf ekki að óttast atvinnuleysi hér á Íslandi á næstu misserum. Byggingaráform eru hvarvetna og mikil eftirspurn eftir fólki með fagmenntun. Hið sama gildir um þau ykkar sem eruð að útskrifast sem sjúkraliðar, hörgull á sjúkraliðum virðist vera viðvarandi á spítulum og stofnunum. Og snyrtifræðingar fá síaukin verkefni í samfélagi þar sem velmegun eykst og sjónir manna beinast frá hlutakaupum og yfir í kaup á þjónustu, upplifun og vellíðan.

Um leið og þið vinnið fyrir ykkur sjálfum og fjölskyldum ykkar eruð þið að skapa verðmæti. Fagmennska ykkar og sérþekking hjálpar til við að halda hjólum atvinnulífsins gangandi, en atvinnulífið er undirstaða efnahagslegrar velsældar.

Kæru útskriftarnemendur

Flest ykkar eruð með stúdentsprófsskírteini í höndunum. Það veitir ykkur rétt til þess að stunda nám á háskólastigi og ég veit að mörg ykkar stefna beint í háskóla, annað hvort núna í vor eða næsta haust. Nemendum úr FB hefur almennt farnast vel í háskóla. Mjög margir hafa fengið inni í listaháskólum héraendis og erlendis, menn vita sem er að listnámið okkar veitir góðan grunn fyrir áframhaldandi nám. Hið sama má segja um þá sem útskrifast af

bóknámsbrautum, þeim hefur gengið vel í háskólanámi, hvort heldur það er á sviði íþróttta, félagsgreina, hugvísinda eða raungreina.

Um þriðjungur stúdentsprófsskírteina sem afhent voru í dag eru stúdentspróf að loknu starfsnámi. Það sýnir að fjölmargir hafa valið þá leið að bæta bóklegu námi til stúdentsprófs við verknámsprófið, ýmist meðfram verknáminu eða í beinu framhaldi af því. Háskólapróf sem byggt er ofan á verkmenntun á framhaldsskólastigi er afar dýrmætt próf. Smíður, rafvirki eða sjúkraliði sem síðar verður tæknifræðingur, verkfræðingur eða hjúkrunarfræðingur er með ólíkt betri skilning á viðfangi þessara háskólagreina en sá sem einkum hefur lært fag sitt af bókum.

Kæru nemendur

Nelson Mandela sagði eitthvað á þá leið að menntun væri besta tækið sem við höfum til þess að breyta heiminum. Menntun eykur víðsýni, menntun er til þess fallin að opna hjörtu okkar fyrir fegurð. Menntun eykur skilning okkar á því að líf allra er jafn mikilvægt. Þið, kæru nemendur, eruð á skólaárum ykkar búin að sækja tíma í ótal námsgreinum þar sem setið er og spjallað um það sem skiptir máli í lífinu. Þið hafið rætt mikilvægar spurningar við samnemendur ykkar og kennara og fengið þjálfun í að skoða mál út frá mismunandi sjónarhóli. Fyrir marga er þessi þáttur menntunar sá notadrygsti. Að fá tækifæri til að skoða hugmyndir og atburði í víðara samhengi, að máta sig og sínar skoðanir við það sem öðrum finnst.

Í skólanum okkar er þetta tækifæri ef til vill mun stærra en í mörgum öðrum framhaldsskólum. Ástæðan er sú breidd sem við höfum í nemendahópnum. Í FB eru nemendur líklega ólíkari innbyrðis en almennt tíðkast. Um 10% nemenda skólans eru af erlendum uppruna og einnig eru fjölmargir nemendur skólans komnir langt yfir hefðbundinn framhaldsskólaaldur. Við leggjum metnað okkar í að veita fólki sem hætt hefur námi af einhverjum orsökum tækifæri til að koma í skóla á ný og ljúka prófi, ýmist í dagskóla eða kvöldskóla. Breið samsetning nemendahópsins gerir skólann okkar að iðandi suðupotti þar sem saman kemur ólík reynsla og viðhorf. Við í FB teljum þetta vera sérstöðu skólans og erum afar stolt af nemendahópi okkar.

Við veljum ekki inn fólk eftir einkunnum. Miklu heldur horfum við til þess hversu mikill ásetningur er hjá nemandanum til þess að stunda námið og ná árangri.

Oft og tíðum er leiðin að námslokum þyrnum stráð. Það eru nefnilega margs konar vandamál sem geta hindrað fólk í námi. Nemandi sem talar ekki góða íslensku, nemandi sem á erfitt með að lesa, nemandi sem á erfitt með að vinna með tölur, nemandi sem á erfitt með að einbeita sér, nemandi sem er haldinn miklum kvíða, nemandi sem býr við erfiðar aðstæður heima fyrir, nemandi sem hefur orðið fyrir áfall – allir þessir nemendur eiga jafn mikinn rétt til þess að ná árangri í námi sínu og hinir sem eru svo heppnir að skólagangan er þeim leikur einn.

Þess vegna höfum við á síðustu árum byggt upp öflugt kerfi námsstuðnings í skólanum. Við viljum hjálpa hverjum og einum að ná árangri. Það er aðdúnarvert að fylgjast með því hvernig nemandi nær smám saman tökum á sjálfum sér og lærir að virkja námshæfileika sína. Kennarar skólans eiga þakkir skildar fyrir það hversu vel þeir standa við bakið á nemendum. Í námsveri skólans, sem er nýtt af mjög stórum hópi nemenda, gerast undur og stórmerki. Námsverið er opið öllum nemendum til þess að læra og fá aðstoð ef þörf er á, ýmist frá jafningjum úr hópi nemenda eða kennurum. Fagfólk námsversins veit allt um það hvernig má auka námsárangurinn með því að skipuleggja sig betur, beita hagnýtri námstækni og nota hjálpartæki eins og hljóðbækur, námsforrit og öpp í snjalltækjum. Ég veit, kæru útskriftarnemendur, að mörg þekkið þið starf námsversins og hafið notið góðs af því.

Sú leið sem við í FB höfum valið að fara, að leggja áherslu á að allir geta lært, að megin atriði sé að hjálpa hverjum og einum að nýta eigin styrkleika til að ná árangri - þessi leið er í takti við það sem helst er rætt á svið námssálarfræði í dag. Hæfileikinn til náms er manningnum áskapaður. Þegar við lærum nýja hluti verða breytingar á heilanum. Og heilinn er þannig gerður að hann getur stöðugt breyst. Við getum öll vaxið í gegnum nám. Námsþæfileikinn gerir að verkum að okkur eru í raun allir vegir færir.

Kæru útskriftarnemendur

Útskriftarhúfurnar á kolli ykkar sýna og sanna að þið hafið notað síðustu misserin til þess að auka ykkar persónulega vöxt. Núna vitið þið að þið getið

náð markmiði sem þið hafið sett ykkur. Jafnvel markmiði sem einhvern tíma leit út eins og ókleifur hamar. Á ensku segja menn „If you can dream it, you can do it“. Þetta einfalda orðatiltæki vitnar um það hve miklu við fáum áorkað ef við beitum okkur rétt. Þetta afl, sem býr innra með okkur öllum, aflið til að breyta heiminum, til að gera draum að veruleika, það er þetta afl sem stórir hugsuðir og listamenn hafa nýtt sér. Hinn kínverski listamaður Ai Weiwei, sem er ótrauður baráttumaður fyrir tjáningarfrelsi í landi sínu, segist framar öllu vilja hjálpa fólki til að skilja hversu miklum krafti það býr sjálft yfir.

Draumurinn er upphaf alls, segjum við Íslendingar. Fyrst er að hugsa: hvað langar mig! Og síðan er að vinna að því að draumurinn rætist. Markmiði draumsins er vel hægt að ná. Allt eins og við í FB höfum gert það að megin markmiði að ALLIR nemendur nái árangri, þá getið þið, hvert og eitt, sett ykkur markmið í lífinu. Til langs eða skamms tíma. Markmiðssetningin er til þess fallin að skerpa fókusinn, að beina kröftunum í rétta átt, þannig að draumur verði að veruleika.

Kæru útskriftarnemendur

Ég hvet ykkur til þess að nýta þessi tímamót til þess að hugsa um það hver verður næsti áfanginn á ykkar þroskabraut. Setja ykkur markmið og ákveða næstu skref til þess að ná þeim. Markmiðin geta snert allt milli himins og jarðar, bara að þau skipti ykkur sjálf máli.

„Dáið er allt án drauma“ segir Halldór Laxness á einum stað.

Þið, nemendur góðir eruð gerendur í eigin lífi. Þið getir ráðið mjög miklu um það hvernig líf ykkar verður. Draumar ykkar og markmið munu móta líf ykkar. Leyfið ykkur að dreyma stórt! Verið áræðin og látið draum ykkar rætast!

Góðir gestir

Nemendur munu nú í lokin ganga úr salnum við undirleik og bið ég ykkur að halda kyrru fyrir í sætum ykkar á meðan.

Ég þakka ykkur fyrir að vera með okkur hér í dag og óska ykkur gleðilegrar jólahátíðar.

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari